

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

100. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. þriðjudaginn 3. maí 2016 kl. 20:00

Fundinn sátu: Bjarki Steinar Viðarson, Katrín Rós Þrastardóttir, Eva Rut Reynisdóttir, Sæbjörg Helga Helgadóttir, Ína Kathinka Grönvold, Adam Ingi Benediktsson, Árni Svavar og María Birna (starfsmenn)

Afboða: Tinna Sigurðardóttir, Bryndís Björk Bergsdóttir, Viktor Breki Auðunsson, Breki Dagur Jónsson og Lára Rós Friðriksdóttir

Fundargerð ritaði: Ína Kathinka Grönvold, ritari Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Sæbjörg Helga Helgadóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 17. maí 2016

2. Teboð - siðdegis hittingur

Þann 27. apríl s.l. bauð UMH bæjarstjóra og bæjarfulltrúum uppá spjall og te í Hafnarborg. Fulltrúar UMH þakkar bæjarstjóra, bæjarfulltrúum, Geir Bjarna og Andra Ómars fyrir afar áhugaverðar umræður.

3. Strætómál

Umræður um strætó. Ákveðið var að leitast eftir því að boða fulltrúa Hafnarfjarðarbæ í Strætó bs. í heimsókn.

4. Ungmennaskipti – Evrópa unga fólksins

Umræður frestað – vantar fleiri fulltrúa til þess að geta rætt um ungmennaskipti

5. Áheyrnarfulltrúi UMH í ÍTH nefnd

Eva Rut greindi frá fundargerð ÍTH nefndar sem var haldinn 29. apríl s.l.

6. Önnur mál

- Ráðstefnan á Selfossi, Ungt fólk og lýðræði – Lára og Katrín greina frá henni á næsta fundi.

- Áslandsskóli með íþróttatíma í Kaplakrika. Bæði langt að fara og yfirleitt mikil umferð á morgnanna. Mun heppilegra að mati fulltrúa að íþróttakennsla fari fram í Ásvöllum.

- Ljósaskilti hjá Kaplakrika. Truflar á kvöldin. Litur á skilti ekki í lagi – fulltrúar leggja til að skipt verði um lit ásamt því að ljósinn á skiltinu fari af um leið og ljósastaurar kvikna á kvöldin – sparar rafmagn og er umhverfisvænna.

Næsti fundur áætlaður 17. maí 2016. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:12

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)